

Ár 2015, fimmtudaginn 18. júní kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Eyþór H. Ólafsson, Unnur Þormóðsdóttir og Viktoría Sif Kristinsdóttir. Ennfremur sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Eyþór H. Ólafsson, formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi fundar óskaði formaður eftir breytingu á dagskrá:

Við bætist liður 2.4. minnisblað frá skólastjóra varðandi Frístundaskólann.

Samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 3. júní 2015.

Með bréfinu fylgdi bréf frá Skógræktarfélagi Íslands en þar eru sveitarfélög hvött til að standa sameiginlega með skógræktarfélagum landsins að gróðursetningu trjáplantna laugardaginn 27. júní nk. til heiðurs Vigdísi Finnbogadóttur í tilefni þess að 35 ár eru liðin frá því að hún var kjörin í embætti forseta Íslands, fyrst kvenna í heiminum sem þjóðkjörinn forseti.

Bæjarráð samþykkir að taka þátt í verkefninu og munu trén mynda grunn að sérstökum trjálundi til heiðurs Vigdísi Finnbogadóttur. Verður lundurinn staðsettur í Smágörðunum og gróðursetning fara fram á Blómum í bæ, föstudaginn 26. júní kl. 17.

1.2. Ellen I Grétarsdóttur og Mike Viney frá 5. júní 2015.

Í bréfinu óska bréfritarar, sem eru íbúar að Hraunbæ 21, eftir að fá að stækka lóð sína í suðurátt sem nemur 8 metrum.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið en felur skipulags- og byggingafulltrúa nánari útfærslu þess.

2. Fjárhagsleg málefni:

2.1. Samningur við Hestamannafélagið Ljúf um beitarafnot af Sólborgarsvæðinu.

Lagður fram samningur við Beitarnefnd f.h. Hestamannafélagsins Ljúfs um beitarafnot af Sólborgarsvæðinu.

Samningurinn samþykktur samhljóða.

2.2. **Minnisblað frá bæjarstjóra v/ leikskólamála frá 16. júní 2015.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra vegna lengingar á opnunartíma á Undralandi og um aukna opnun leikskólanna á morgnana.

Bæjarráð samþykkir að báðir leikskólarnir taki upp opnun frá kl. 7:30 og að Leikskólinn Undraland hafi opið til kl. 17.

Fyrirkomulagið taki gildi frá og með sumarfríum leikskólanna. Jafnframt er lagt til að ákvörðun um aukakort í lok dags eða frá kl. 17 – 17:15 verði vísað til gerðar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016.

Viðbótarkostnaður í launum er kr 300 þúsund og verður honum mætt af liðnum 21-01-9990.

2.3. **Tilboð í endurskoðunarþjónustu frá 5. júní 2015.**

Lagt fram tilboð frá Deloitte um endurskoðunarþjónustu fyrir Hveragerðisbæ.

Bæjarráð samþykkir tilboðið.

2.4. **Minnisblað frá skólastjóra varðandi Frístundaskólann.**

Í minnisblaðinu er gerð grein fyrir forsendum varðandi ráðningu í fullt starf umsjónarmanns í frístundaskólanum. Engin umsókn barst frá uppeldismenntuðum aðila en tveir reyndir starfsmenn af leikskóla hafa sótt um að deila stöðunni sem yrði þar með 140%.

Bæjarráð samþykkir þær tillögur sem skólastjóri setur fram í minnisblaðinu en með því myndu stjórnendur að hluta starfa beint með börnunum og að hluta til í stjórnun. Lítil aukakostnaður verður væntanlega af þessari breytingu miðað við fyrri áform.

3. **Fundargerðir:**

3.1. **Fræðslunefndar frá 8. júní 2015.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

4. **Verkfundagerðir:**

4.1. **Grunnskólinn í Hveragerði – Eldhús frá 5. og 16. júní 2015.**

Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.

4.2. **Sundlaugarhús Laugaskarði, viðhald utanhúss frá 10. júní 2015.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

5. **Fundargerðir til kynningar:**

5.1. **Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 5. júní 2015.**

5.2. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 29. maí 2015.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:04

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Viktoría Sif Kristinsdóttir, (sign.)

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)